

# LÖG

## um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingastofnun gefur út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002:

a. Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sýslumenn, lögregla og önnur stjórnvöld taka við umsóknum um vegabréf eftir því sem ráðherra ákveður.

Þjóðskrá getur falið öðrum að annast einstök verkefni við framleiðslu og skráningu upplýsinga í vegabréfabók.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Tekin skal stafræn mynd af umsækjanda sem varðveitt skal í vegabréfinu. Heimilt er að nota mynd sem umsækjandi leggur fram sjálfur á rafrænu formi, enda uppfylli hún kröfur sem gerðar eru til stafrænna mynda í vegabréfum. Umsækjandi skal jafnframt leggja fram önnur nauðsynleg gögn.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að fingraför umsækjanda skuli skönnuð og varðveitt í vegabréfinu.

### 4. gr.

2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að gefa út vegabréf samkvæmt umsókn annars forsjarforeldris þegar hitt forsjarforeldrið er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna að undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögnum hætti.

### 5. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Gildistími almenns vegabréfs skal vera fimm ár frá útgáfudegi en heimilt er að lengja þann tíma eftir því sem ákveðið skal í reglugerð. Gildistími annarra vegabréfa skal ákveðinn í reglugerð.

### 6. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

## 7. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, orðast svo:

Þjóðskrá heldur skrá, skilríkjaskrá, um öll útgefin vegabréf og önnur skilríki sem Þjóðskrá er falið að annast útgáfu eða framleiðslu á. Í skilríkjaskrá eru skráðar og varðveittar þær upplýsingar sem safnað er til útgáfu á skilríkjum, þ.m.t. upplýsingar um lífkenni skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. Í skilríkjaskrá eru einnig skráðar upplýsingar um útgefin, glötuð og stolin skilríki og heimilt er að skrá þar einfaldar tilvísanir til annarra gagna vegna þeirra aðstæðna sem fjallað er um í 7. gr.

Opinberum stofnunum er heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þjóðskrá og lögreglu er heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.

Stjórnvöldum er heimilt að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni sem varða glötuð og stolin skilríki.

## 8. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 9. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 15 14. apríl 2000:

- a. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: kröfur sem gerðar eru til varðveislu, aldurs og forms stafrænna mynda af umsækjanda vegabréfs og skannaðra fingrafara hans, þar á meðal þau skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.
- b. E-liður, er verður f-liður, fellur brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*